

Bæjarráð Akraness
Stíllholti 16-18, 300 Akranes

Akranesi, 18. febrúar 2015

Varðar: Samstarf Eldvarnabandalagsins og Akraneskaupstaðar

Undirritaður vill með bréfi þessu fyrir hönd Eldvarnabandalagsins óska eftir viðræðum við fulltrúa Akraneskaupstaðar um samstarf vegna eldvarna.

Eldvarnabandalagið er samstarfsvettvangur um auknar eldvarnir. Aðild að því eiga: Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, Félag slökkviliðsstjóra, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Mannvirkjastofnun, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Slysavarnafélagið Landsbjörg, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, TM hf., Vátryggingafélag Íslands hf. og Vörður tryggingar hf.

Eins og fram kom á fundi undirritaðs með bæjarstjóra og sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs nýverið lúta hugmyndir Eldvarnabandalagsins um samstarf við Akraneskaupstað einkum að tvennu:

1. Eigið eldvarnaeftirlit fyrirtækja og stofnana

Samstarfið myndi fela í sér innleiðingu eigin eldvarnaeftirlits hjá stofnunum Akraneskaupstaðar og þróun verklags og fræðslu vegna þess. Eldvarnabandalagið hefur þegar útbúið öll nauðsynleg gögn vegna þessa. Eldvarnabandalagið myndi þróa og veita nauðsynlega fræðslu til eldvarnafulltrúa og annars starfsfólks. Gert er ráð fyrir að þróun verklags og fræðslu geti síðan nýst öðrum sveitarfélögum og fyrirtækjum við innleiðingu eigin eldvarnaeftirlits.

Markmiðið með eigin eldvarnaeftirliti fyrirtækja og stofnana er að draga verulega úr áhættu vegna eldsvoða. Það léttir jafnframt undir með og auðveldar eldvarnaeftirlit á vegum slökkviliðs.

2. Eldvarnafræðsla í tengslum við umsóknir um húsaleigubætur

Rannsóknir sem Capacent hefur gert fyrir Eldvarnabandalagið sýna að eldvarnir eru mun lakari í leiguhúsnæði en hjá þeim sem búa í eigin húsnæði. Eldvarnabandalagið er reiðubúið til samstarfs um eldvarnafræðslu fyrir þá sem sækja um húsaleigubætur hjá Akraneskaupstað. Markmiðið er að þróa verkefni sem auðvelt yrði að yfirfæra á önnur sveitarfélög.

Eldvarnabandalagið og Akraneskaupstaður myndu í sameiningu kynna verkefnið fyrir fjölmiðlum og almenningi.

Virðingarfyllst og með von um góð viðbrögð,



Garðar H. Guðjónsson verkefnastjóri – gaji@mmedia.is – s. 895 5807